b. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra á rétt til greiðslna samkvæmt lögum þessum nema skv. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr.

Ráðherra á rétt á biðlaunum úr ríkissjóði er hann lætur af embætti. Biðlaun jafnhá ráðherralaunum eru þá greidd í þrjá mánuði. Eftir ráðherrastörf í samfellt eitt ár eða lengur eru greidd biðlaun í sex mánuði. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. gilda um biðlaunagreiðslur samkvæmt þessari grein.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.

Nr. 142 20. desember 2003

LÖG

um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Tryggingayfirlæknir“ í 3. mgr. 16. gr. laganna og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): trúnaðarlæknir sjóðsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.